

Aðalfundur Félags hrossabænda 4. Nóvember 2016

haldinn í Harðarbóli, félagsheimili hestamannafélagsins Harðar

Sveinn Steinarsson formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Helgi Eggertsson og Ólafur Þórisson yrðu fundarstjórar og að Hallveig Fróðadóttir ritaði fundargerð og var það samþykkt.

Kjörbréfanefnd: Björn Magnússon, Bergur Már Hallgrímsson og Hermann Þór Karlsson. Helgi bauð gestum orðið:

Guðný Helga, varaformaður B.Í. mætti í fjarveru Sindra Sigurðssonar. Guðný telur hrossarækt búgrein sem er í hvað mestum vexti og skipti miklu máli í tengslum við þá miklu uppbyggingu sem sé í ferðapjónustunni. Búvörusamningar hafa verið í vinnslu undanfarin ár af hálfu B.Í. og miklar umræður í þjóðfélaginu um þá. Markmiðið er að stækka og efla landbúnað á landinu. Búnaðargjald verður fellt niður um næstu áramót og búgreinafélög og B.Í hafa rætt upptöku félagsgjalda sem koma í stað þessa gjalds. Þurfum að temja okkur jákvæðari umfjöllun um landbúnað sem og einstaka búgreinar.

Sigríður Björnsdóttir, þakkaði gott og fjölbreytt samstarf við FHB á árinu. Gagnagrunnurinn WF heldur utan um skýrsluhald í hrossarækt, Smitvarnir þarf að auka og kynna og nauðsynlegt er að ná til þeirra sem koma til landsins; ferðamanna, hestaferðamanna og hestamanna erlendra sem og innlendra. Lítil notkun er á hreinsunarþjónustu sem boðið er upp á við komu til landsins og er það áhyggjuefni, þar sem hestamenn hafa nefnt það að þeir séu tímabundnir þegar þeir fara t.d. í námskeiðahald erlendis og hafi því ekki tíma til að sóttgreinsa fatnað og búnað.

Nauðsynlegt er að allir fari eftir opinberum reglum hvað þetta varðar. Hestaleigustarfsemi er nú orðin tilkynningaskyld hjá MAST en leyfis skyld hjá Ferðamálastofu og heilbrigðiseftirliti. Áhugi er á að reyna að einfalda þetta ferli þannig að einungis komi til eitt leyfi sem nær yfir allt. Hestaleigur þarf að hvetja í að kynna sóttvarnir til sinna viðskiptavina. Erfitt er að ná til hins almenna ferðamanns og ekki nóg að þeir fái upplýsingar á Keflavíkurflugvelli. Dýravelferð, verið er að vinna að starfsreglum t.d. fyrir hestaleigur og blóðtöku, sem tryggja velferð dýranna.

Bjarni Maronsson, Landgræðslan: þakkar FHB boðið og flytur kveðjur frá landgræðslustjóra og starfsmönnum landgræðslunnar, og lýsir yfir ánægju með fundarstað. Landgræðslunni berast nokkrar ábendingar á ári, en sem betur fer eru þær ekki allar á rökum reistar. Gæðastýring í hrossarækt; landnýtingarþátturinn þarf að vera eftirsóknarverðari og þarf að kynna hann betur, þeir sem hafa tekið þátt eru tryggir, brottfall eðlilegt en nýliðun lítil. Þátttaka hefur ekki skilað í markaðssetningu en á móti skilað sér í betri nýtingu lands og aukins skilnings á nauðsyn skynsamrar landnýtingar.

Sigurborg Daðadóttir; þakkar boðið á fundinn og segist komin til að hlusta og svara spurningum ef með þarf.

Skýrsla formanns;

Fundir og félagsstörf

Stjórn Félags hrossabænda þetta árið skipuðu þeir Sveinn Steinarsson Litlalandi, formaður,

Vignir Sigurðsson Litlu-Brekku, gjaldkeri, Magnús Jósefsson, Steinnesi, varaformaður, Eysteinn Leifsson, Mosfellsbæ, ritari og Jón Bjarni Þorbergsson, Bergi.

Alls hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir auk þess sem stjórnarmenn hafa verið í töluverðum samskiptum í síma og tölvupóstum.

Formannafundur var haldinn í Guðmundarstofu í Víðidal 13.apríl og aðalfundur félagsins haldinn á Hótel Sögu fyrir ári síðan eða í nóvember 2015. Fundargerðir þessara funda má lesa á heimasíðu félagsins www.fhb.is.

Að auki hefur formaður og starfsmaður félagsins ásamt Sigríði Björnsdóttur, dýralækni hrossasjúkdóma, hjá MAST boðað tvívegis til fundar hestaferðaaðila með það fyrir augum að hvetja þá til innbyrðis samvinnu sem og til samvinnu með okkur, í þeim tilgangi að ná utanum þeirra starfsumhverfi. Það er mikilvægt, og varð í raun öllum ljóst þegar við funduðum að tæpast yrði haldið áfram án þess að samráðsvettvangur yrði til á meðal þeirra til að taka afstöðu til margra þátta er varðar þeirra starf t.a.m leyfisskyldu, eftirlit, velferð hrossa, aðbúnað hrossa og ímynd íslenska hestsins. Við vonum að frumkvæði okkar verði til þess að til verði samráðshópur í þessari ört stækkandi atvinnugrein.

Skrifstofa

Hallveig Fróðadóttir er í 30% starfi hjá okkur og tókum við hlutfallslega þátt í rekstri skrifstofu Hallveigar í Bændahöllinni. – Við höfum verið að hagræða í öllu okkar starfi með tilliti til kostnaðar en ætlum okkur engu að síður að halda úti öflugum starfi. Til að mynda að halda aðalfundinn okkar hér sparar okkur fjármuni sem er gott – en við erum líka með fundinn hérna til að tengja okkar starf betur við félög hestamanna en mikilvægt er að vitund sé á báða bóga hvað hlutverk og starf varðar.

Markaðsmál

Hvað markaðsmál varðar þá hefur mikill tími farið á líðandi ári í að vinna að þeim málum en þau eru einkum með tvennum hætti eins og þið þekkið, meginverkefnið gagnvart lífhrossum og síðan hrossaafurðum.

Í markaðsmálum reiðhesta/lífhrossa höfum við verið, eins og þekkt er, í verkefni með Íslandsstofu ásamt fleirum og hófst sú vinna með undirbúningsvinnu á síðasta ári – en þetta ár er raun það ár sem við höfum verið að fjármagna verkefnið þ.e. félagið FHB og aðrir sem taka þátt í verkefninu. Eins og staðan er núna þá hefur verkefnið úr allmiklum fjármunum að ráða en framlög frá þátttakendum ásamt ríkisframlagi nema ca. 37 millj. og er þá ótalið framlag frá Íslandsstofu sem felst m.a í mjög mikilvægu vinnuframlagi.

Við eigum aðeins eftir í land með að fjármagna að fullu okkar hluta en allmargir hafa lagt verkefninu lið og erum við komin með um 76% af okkar framlagi miðað við fullt framlag – við vonumst eftir því að verkefnið verði full fjármagnað fyrir árslok og þýðir það þá að við höfum úr 50 milljónum að spila árlega út árið 2019 auk vinnuframlags frá Íslandsstofu eins og áður var nefnt.

Við stóðum vaktina á Landsmóttinu; Hestatorgið og Horses of Iceland og tókst það prýðilega. Við munum sameiginlega standa að kynningu á hestinum og hestasamfélaginu á HM í Hollandi 2017 enda mikilvægt að Horses of Iceland verkefnið fái kastljósið, og að kynningarefnið sem við notumst við tóni saman við markmið verkefnisins, heimasíðu og samfélagsmiðla.

Við vonumst til að þetta verkefni ásamt vinnu okkar allra (því sem við gerum í okkar eigin rekstri) við að kynna hestinn og hestasamfélagið skili okkur áfram veginn og auki hlutdeild

Íslenska hestsins í hestasamfélögum erlendis sem og að það stuðli vexti í hestamennskunni hérlandis.

Við þurfum sannarlega á því að halda að eftirspurn eftir hrossum aukist og að verð endurspegli þann kostnað sem að baki liggur. Það er víða búið að kosta miklu til í kringum okkar búgrein og sömuleiðis er fólk að mennta sig til að þjónusta bæði búgrein og hestafólk þannig að við þurfum að standa saman í að auka hróður íslenska hestsins svo eftirtekjur af okkar starfi geti talist ásættanlegar.

Varðandi markaðsverkefnið þá mun Jelena Ohm mun fara yfir stöðu verkefnisins eftir hádegishlé og mun hún greina okkur frá því helsta en allmargt hefur verið gert og heilmargt framundan.

Það er mikil gróska í kringum hestaleigu- og hestaferðaaðila sem er mjög jákvætt og ber að fagna því – auðvitað á hagur okkar að fara saman í öllu tilliti, bæði hvað varðar kynningu á hestinum og viðskiptum okkar í milli og útbreiðslu á hestinum – það er auðvitað mikil þörf hjá hestaleiguaðilum fyrir hesta og ef fram heldur sem horfir verður þörfin mikil á næstu árum og raun ómögulegt annað en að eitthvað betra jafnvægi fáiast gagnvart verði á hrossum í þeirra starf á næstu árum enda má segja að hvor þurfi á hinum að halda í því sambandi.

Aðeins að nefna hvernig þróun hefur orðið á fjölda fæddra og ásettra folalda hefur verið síðustu ár. En skv. upplýsingum úr WorldFeng var fjöldi skráðra folalda á síðasta ári var 5110 (þar af lifandi: 4941) og til samanburðar er fjöldi skráðra folalda síðustu fimm ára þar á undan 2014: 5933 (lifandi 5619), 2013: 6405 (lifandi: 5885), 2012: 7524 (lifandi: 6567), 2011: 8322 (lifandi: 6792) og 2010: 8954 (lifandi: 6710). Á þessari þróun má sjá að markaðsaðstæður hafa áhrif á fjölda þeirra hryssna sem haldið er og má ætla að framboð á markaði fari að nálgast eftirspurn. Við höfum sagt að það gæti komið til að vanti uppá framboðið hestum og kannski einkum þegar horft er til hestaferðaaðila.

Annað sem skiptir miklu máli og varðar velferðar- og markaðsmál er framvinda í vinnu við bólusetningu og afnæmingu á sumarexmi. Stjórn Félags hrossabænda og Fagráð funduðu síðsumars með þeim Sigurbjörgu og Vilhjálm, dýralæknum á Keldum og Sigríði Björnsdóttur og var rædd staða verkefnisins. Vinna við verkefnið er búin að vera í gangi um alllangt skeið eins og þið þekkið - en væntingar eru um að árangur sé nú í sjónmáli – allavega eru þær tilraunnameðhöndlanir sem gerðar hafa verið lofandi og næstu skref í vegferðinni eru að hefja samanburðarrannsókn á gildi forvarnarbólusetningar sem fælist í eftirfarandi:

- Tuttugu hestar yrðu bólusettir gegn sumarexemi á Íslandi
- Hestarnir yrðu fluttir út snemmsumars á smámýsvæði á meginlandinu ásamt 15-20 óbólusettum samanburðar hestum
- Hestarnir haldnir á flugusvæði 2-3 sumur
- fylgst með klínískum einkennum
- reglubundnar sýnatökur til mælinga á ónæmisviðbrögðum
- Tilraunalok: verða hestarnir felldir eða seldir?

Miðað er við að þetta geti orðið árið 2019 ef það fæst fjármögnum þ.e.

- Hross – afsláttarhross eða reiðhross (innlend/erlend fjármögnun?)
- Flutningur og pappírsvinna (Icelandair, útflytjendur, BÍ, MAST?)
- Upphald erlendis (erlendir styrktaraðilar, eigendur, notendur?)
- Vísindavinna og efniskostnaður (Rannsóknasjóðir á Íslandi og í Sviss) bæði hérlandis og erlendis

Búið er að sækja um styrk til Rannís til þriggja ára (2017-2019) vegna þessarar áætlunar og munu þau mál skýrast um eða uppúr áramótum. Stjórn Félags hrossabænda lýsti sig reiðubúna við að aðstoða í þessari vegferð eins og okkar geta nær til. En talað var um aðstoð t.a.m. við útvegum hrossanna.

Félag hrossabænda ásamt Landssambandi hestamannafélaga og Félagi tamningamanna sóttu um og fengu styrk frá AVN (landbúnaðarráðaneytinu) til að kanna hvað skipulagt og skilgreint samstarf eða sameining upptalinna félaga gæti fært okkur með tilliti til núverandi starfs. Í þessu samhengi þurfti að horfa á annars vegar sögu félaganna, verkefni og núverandi umfang og markmið og hinsvegar reyna að meta það sem ætla má að krafist verði af félögunum í framtíðinni.

Kristinn Hugason var ráðinn til verksins eins og kunnugt er og skilaði hann okkur greinargóðri skýrslu um sögu, starf og hlutverk félaganna sem og útfærslu að samstarfi félaganna þar sem um væri að ræða sameiginlegt starfsfólk og starfið allt hýst á sama stað.

Formenn félaganna hafa rætt þau tækifæri sem í samvinnu eða sameiningu gætu falist en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun í því sambandi. Skýrsla Kristins er góður fróðleikur varðandi mjög margt í sögu og starfi félaganna og þá og þegar við höldum áfram við áður nefnda hugmyndir um samvinnu /sameiningu þá kemur hún að góðum notum.

Kristinn er hér og þakka ég honum fyrir hans vinnu.

Kynningarefni

Félagið hefur framléitt ýmis konar kynningarefni um íslenska hestinn í gegnum árin til afnota í markaðstarfi sínu, kynningarefnið hefur staðið öðrum til boða við kynningu hestinum en um er að ræða bæklinga, póstkort, veggspjöld, litabækur og þ.h.

Eftir að markaðsverkefnið Horses of Iceland varð til er horft til þess að bæklingar, póstkort og því um líkt verði unnið og kostað af hálfu verkefnisins og mun það efni standa öðrum til boða við kynningu á hestinum.

Eins og þekkt er keypti félagið í samvinnu við LH, handrit að myndskreyttri kennslubók eftir Frederike Laustroer, bókin er um hestamennsku fyrir börn og heitir hún „Heimur hestsins“ Bókin hefur fengið góðar viðtökur en við þurfum að gera betur hvað varðar dreifingu á bókinni – bókin er hugsuð eins og fram hefur komið fyrir æskulýðs og byrjendastarf hestamannafélaganna og reiðskóla til að kynna hestinn fyrir börnum.

Félögin eru að skoða í samvinnu við höfund bókarnar að gefa bókina út á ensku, sænsku og þýsku og hefur fengist styrkur þess frá Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytinu.

Vefsíður

Félagið rekur sem fyrr tvær vefsíður. Heimasíðu félagsins er að finna á slóðinni www.fhb.is Þá á félagið vefinn www.icehorse-experience.is. Þá er félagið einnig með síðu á samfélagsmiðlinum Facebook.

Við ætlum að nefna það sjálf að það er lítil virkni á miðlunum okkar, við stefnum að því að efla þá gagnvart því að standa fyrir ítarupplýsingum um félagið, tilkynningum og þess háttar - en fréttasíða verður síðan okkar tæpast enda úrval af síðum í slíkum verkefnum.

Félagið

Eins og kunnugt er liggur fyrir að búnaðargjald mun verða lagt niður í þekktri mynd enda ekki talið standast lög og varða félagafrelsi. Stjórn FHB hefur verið að skoða leiðir við tekjuöflum

eftir að innheimtu búnaðargjalds verður hætt og munum við ræða það sérstaklega síðar á fundinum. Gott að við fáum ykkar sjónarmið og hugmyndir. Þessi breyting þýðir að félagið verður af u.þ.b. helmingi tekna sinna. En við stöndum vel og höfum eins og áður var sagt lækkað kostnað verulega.

Við ætlum þessum aðalfundi ekki að ákveða næstu skerf að þessu sinni – það er talsverð óvissa hjá fleirrum en okkur hvernig brugðist verði við breyttum aðstæðum og á t.a.m að ræða þessi mál á formannafundi BÍ í næstu viku.

Ég held að stjórn verði að vinna með málið setja upp valkosti/sviðsmyndir með tillögum sem við tökum þá til umræðu og vonandi á formannafundi okkar í apríl.

Fundir

Fundarferð Félags hrossabænda og Fagráðs var farin á haustdögum í fyrra og reyndar voru síðustu fundirnir í upphafi þessa árs - meiningin er fara fundarferð og heimsækja félögin eftir áramótin og verða fundirnir skipulagðir með formönnum aðildarfélaganna.

Fundirnir í síðustu fundayfirreið voru aðeins með mismunandi hætti, sumir fundirnir voru með unghrossamati til viðbótar við hefðbundið fundarform, þetta getur verið breytilegt og er það líka gaman fyrir okkur að sjá og meta ræktunarstarfið með þeim hætti og eykur sömuleiðis líkur á betri fundarsókn.

Formaður og fleiri stjórnarmenn hafa í gegnum veru sína í verkefnastjórn Horses of Iceland haldið og farið á fjölmarga fundi vítt og breitt um landið til að kynna það verkefni og til að afla því stuðnings og mótframlags.

Við höfum undanfarið verið að ræða það að endurskoða þurfi áherslur varðandi ýmsa þætti í dóma- og ræktunarstarfinu – það þarf einfaldlega að gerst á ákveðnu árabili og í því sambandi verður haldin ráðstefna 3. desember n.k undir heitinu Íslensk hrossarækt í 100 ár - Stefnumótun hrossaræktarinnar.

Fyrir þessari ráðstefnu standa; Félag hrossabænda, Hólaskóli, Matvælastofnun, Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins og Sögusetur íslenska hestsins.

Þessa ráðstefnu hvetjum við alla til að mæta á (öllum opin) og blanda sér í umræðuna enda verður partur af ráðstefnunni með gagnvirkum hætti þ.e að gestir taka þátt í vinnufundi og hafa þannig áhrif strax á fyrstu skref þessarar stefnumótunarvinnu og verður ráðstefnan betur auglýst þegar nær líður.

Afurðamál

Staða mála með hrossaafurðir hefur ekki verið góð um nokkurt skeið - við höfum búið við lágt verð sem og erfiðleika með að afsetja hross. Stjórn hefur reynt að vinna að málum og formaður verið í samskiptum við forsvarsmann sláturleyfishafa og fleiri aðila, þar á meðal Erlend Garðarsson sem verður með erindi á fundinum síðar í dag. Erlendur mun greina frá verkefni sem stjórn hefur tekið ákvörðun um að taka þátt í og styrkja. Þetta verkefni snýr að Japansmarkaði og er mjög áhugavert og munu framleiðendur fleiri búvara taka þátt í verkefninu og skapar það verkefninu aukin slagkraft, Erlendur fer betur yfir helstu þætti verkefnisins í erindi sínu eftir hádegisd.

Verðlaun

Félagið hefur veitt viðurkenningar undanfarin ár á hrossaræktarráðstefnu fagráðs. Verðlaun eru veitt fyrir hæsta hæfileikadóm ársins, án áverka -- jafnframt eru veitt verðlaun fyrir hæst dæmda hross ársins, aldursleiðrétt.

Á ráðstefnunni hafa Bændasamtökin veitt öllum búum tilnefndum sem ræktunarbú ársins, viðurkenningar fyrir góða frammistöðu á árinu en síðan, eins og þið þekkið hefur

viðurkenningin ræktunarbú ársins verið veitt á uppskeruhátíð hestamanna sem verður á morgun í Gullhömrum.

Að lokum þakkar stjórn FHB öllum samstarfsaðilum sínum á árinu gott samstarf, aðildarfélögum sem og öðrum hagsmunafélögum.

Reikningar félagsins;

Vignir Sigurðsson fór yfir reikninga.

Álit kjörbréfanefndar;

Björn Magnússon las upp fulltrúa skv. Kjörbréfum

Umræður um skýrslu og reikninga:

Ólafur Þórisson: varðandi heimasíðuna, er e-r tilgangur að hafa báðar síðurnar ? Sveinn sagði að þetta væri í skoðun enda Horses of Iceland að setja upp síðu sem FHB gæti nýtt í sínu starfi, en stutt er síðan FHB síðan var uppfærð með tilheyrandi kostnaði, og einnig fellur til kostnaður á hverju ári v. hýsingarþjónustu o.fl.

Helgi bar upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða.

Sveinn Steinarsson greindi frá því helsta sem stjórn og formaður munu leggja áherslu á (dagskrárlíður nr. 12 fluttur fram fyrir matarhlé) – Horses of Iceland verkefnið, kjötmarkaðsmál (Japan o.fl.), samstarf við hestaferðaaðila, markaðskönnun á lífhrossamarkaði.

Þorvaldur Kristjánsson; færði sitt erindi fram fyrir hádegishlé (ATH með að fá glærur frá honum)

MATARHLÉ

Ólafur Þórisson tók við sem fundarstjóri og spurði Þorvald út í fyljunarflípann, hvort hryssueigandi gæti sjálfur sett inn upplýsingar um stóðhest og þorvaldur sagði það rétt, en ekki væri hægt að grunnskrá folaldið fyrr en staðfesting stóðhestseiganda liggur fyrir.

Jelena Ohm kynnti stöðu verkefnisins Horses of Iceland og það sem gert hefur verið síðast liðið ár. Heimasíðan, kynning hjá FEIF og fundum hér innanlands, Dagur íslenska hestsins, myndböndin, Landsmót Horses of Iceland café, samfélagsmiðlar og nýting þeirra, heimsóknir til samstarfsaðila á dagskrá, stór mynd í Leifsstöð, sýningar á næstunni, Sweden international í Stokkhólmi, Equitana, HM í Oirschot, Viðhorfskönnun erlendis, rýna árherslur fyrir 2017. Jelena bauð fundarmönnum að koma með hugmyndir.

Sveinn lýsti ánægju sinni með starf Jelenu og markaðsverkefnið og ítrekaði að þátttakendur fái heimsókn sem eykur þá athygli á viðkomandi. Sigurbjörg Daðadóttir spyr um gjald fyrir þátttöku og Jelena fór yfir þau stig sýnileika sem þáttakandi fær miðað við framlag. Sigurbjörg var að velta fyrir sér hvort MAST hefði ástæðu til að vera með t.d. varðandi

smitvarnir og sagði Jelena það vera. Sonja Líndal spyr hvort þetta sé tímabundið eða ein greiðsla og Jelena sagði að binditíminn væri yfirleitt 4 ár, en 2 ár. „Jónas Vigfússon“ ? spyr hvað eru margir að vinna við þetta. Jelena taldi upp þá sem eru í nefndinni og svo hún sjálf og Guðný Káradóttir. Sveinn lagði áherslu á að Íslandstofa leggi til starfskraft án þess að það fáiist metið sem framlag. Þorvaldur spyr hvort fleiri félög en sænska Íslandshestafélagið séu áhugasöm og sagði Jelena það vera.

Einar Ben, hvernig sjáum við árangur af þessu starfi og fór Jelena yfir það en og benti jafnframt á að þetta væri langtímaverkefni, ef við viljum halda áfram að stækka okkar samfélag þurfum við að hafa fyrir því. Magnús Lárusson, hvaða ógnir eru helstar. Jelena; sumarexem, önnur hestakyn, efnahagsstaða markaðssvæðanna. Hermann spyr hvort búið sé að skilgreina Ísland sem upprunalandi og eru erlendir framleiðendur (ræktendur) komnir inn í verkefnið. Jelena segir erlenda ræktendur ekki komna inn í verkefnið en eru að sjálfsgöðu velkomnir og Ísland er landið sem hesturinn kemur frá.

Jón Baldur Lorange: fór yfir það sem er fyrirhugað í þróun Worldfengs. Worldfengur er upprunaættbók Íslenska hestsins og skráningar í hrossarækt fara allar þar í gegn. Búið er að bæta við skráningu umráðamanns, og skýrsluhald sem hér áður fyrr var á pappírformi eiga nú að fara beint inn í Worldfeng og þar með ætti fjöldi lifandi hrossa að verða nákvæmari en nú er. Búið er að gera samkomulag um að gera app f. Worldfeng, og vinnuheitíð er App-Fengur. Appið verður selt og stefnt er á að tengja það t.d. ömerkingarmönnum og dýralæknum. Worldfengur er markaðsgluggi hrossaræktarinnar um allan heim. Myndbönd frá Landsmóti eru nýjung í WF sem unnið hefur verið í samvinnu við LH og er aðgangurinn seldur til að standa undir kostnaði. WF er ekki gróðafyrirtæki, heldur heldur utan um skráningar íslenska hestinn um allan heim. Sterkt gengi ísl. Krónunnar gerir það að verkum að tekjur erlendis frá hafa lækkað og skoða þarf hvernig hægt er að ná tekjum inn til að geta gert meira, t.d. að uppfæra grunninn. Systa bendir á að í ár eigi allir að skila haustskýrslum (forðagæslan) í bústofni en í framtíðinni fer þessi vinna fram í heimarétt Worldfengs.

Lárus Hannesson – Samtarf við FHB hefur verið gott og verkefnið margvísleg sem unnið hefur verið að. Samstarf LH við B.Í. hefur einnig verið gott og nú er vinna við nýjan Sportfeng á lokametrunum. Þurfum að standa saman að menntunarmálum í hestamenskunni kynnti myndbönd Landsmóta sem sett hafa verið inn í WF. Kostnaður við landsmóts vídeó á diskum var orðinn of mikill og þar að auki var salan að dragast saman og því var ákveðið að koma vídeóum beint inn í Worldfeng. Spurt var um hvernig sækja á um aðgang og svöruðu þeir Lárus og Jón Baldur því.

Erlendur Garðarsson – markaðsverkefni fyrir hrossaafurðir í Japan. Fóru yfir tækifærin sem í boði eru s.s. við sölu á fitu og hinum ýmsu hlutum sem hingað til hafa ekki selst eða ekki farið í neyslu. Japanir leggja mikla áherslu á hreinleika og þar komum við sterk inn eins og tölur frá Matis benda til. Japanir eru einnig áhugasamir um lambakjöt og folaldakjöt eftir að hafa smakkað og komist að því t.d. að ekki er „ullarbragð“ af Íslenska lambinu og folaldakjötið stóðst allar gæðakröfur í bragði. Framundan eru námskeið fyrir japanska kokka sem og sýningar og kynningar í Japan í samvinnu við sauðfjárbændur. Netverslun í Japan er mjög vaxandi og íslenska kjötið ætti einnig vel heima þar. Vanda þarf til markaðssetningarinnar sem og framkvæmd sölunnar í Japan til að viðhalda gæðakröfunum. Hermann Karlsson – sjáið þið fyrir ykkur flokkunarkerfi fyrir hrossakjöt ? Erlendur sagði að það yrði að vera og ennfremur vandað til pakkninga. Spurt um mögulegt verð svaraði erlendur því til að einungs fitan af einu hrossi gæti gefið af sér 4-5.000 en hefur hingað til ekki skilað neinu, en erfitt er að gefa upp heildarverð í bili.

Ólafur þakkaði Erlendi fyrir og bendi fundarmönnum á að skrá sig í nefndir á þar til gerðum blöðum en einungis verða 2 nefndir þetta árið; ræktunarnefnd og svo Allsherjar- fjárhags- og markaðsnefnd. Fór yfir tillögur sem höfðu borist frá HSS og vísaði þeim til nefnda.

Sonja spyr um ástæðu förgunar; hverjir hafa aðgang að þeim upplýsingum. Þorvaldur segir að einungs eigandi og skrásetjari hafi aðgang að þeim upplýsingum. Sonja: ef Íslendingur á hross erlendis dettur hrossið út úr heimarétt. JBL þetta kemur til upphaflega v. kröfu seljenda hér á landi.

KAFFIHLÉ

Nefndir tóku til starfa.

Tillögur frá Ræktunarnefnd: (endanlegar tillögur ská og feitiletraðar)

Tillaga 1 (nr. 3 frá HSS)

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að hæfileikadómur kynbótahrossa fari fram á hringvelli en skeið yrði sýnt á beinni braut til hliðar við hringvöllinn eða í framhaldi af langhlið hringvallar ef þurfa þykir.

Umræður: Guðmundur Björgvinsson: Ekki viss með að þetta sé hestvænna, fá ekki tíma til að þústa í endann. Sveinn Ragnarsson: Þarf að tilgreina stærð hringvallar, fjöldi hringja sem riðið er. Hönnun valla er mismunandi hvað varðar beygjur. Bergur Jónsson: Auðveldara á ná utan um jafnvægi hestsins, skilar upplýsingum um hross sem nýtast í keppni. Betri upplýsingar um mykt og þjálni. Auðveldara að meta vilja og geðslag, er hesturinn undir stjórn allan tímann. Spurning um útfærslur, 300 metra völlur. Breytileiki nú þegar í beinu brautunum sem hrossin er sýnd á nú. Jónas Vigfússon vill að tillögunni yrði beint til fagraðs. Pétur Halldórsson: Rökin ekki fullkönnuð, þarf að prófa þetta nánar. Bergur Hallgrímsson: Hver eru tengsl á milli árangurs í keppni og niðurstaðna kynbótasýninga. Páll Bragi Hólmarsson: Þessi breyting hafi jákvæð áhrif á tamningastig hrossa sem koma til kynbótadóms og undirbúning til dóms. Gunnar Ríkharðsson: Hefur þessi breyting neikvæð áhrif á mat á eðlisgæðum hestsins. Sveinn Steinarsson: Þessi tilraun var gerð á sínum tíma og mætti nokkurri mótspyrnu á sínum tíma. Gerð að hluta til á sínum tíma til að spara tíma. Sparnaður á tíma er ekki markmið með sjálfu sér. Jónas Vigfússon: á sínum tíma var hringvöllur við beinu brautina og knapar gátu valið að sýna á beinu brautinni eða á hringnum. Svo var ákveðið að sýningarnar skyldu eingöngu fara fram á beinni braut. Ekki að hringla með vallaraðstæður of oft. Sveinn Ragnarsson: Tillaga að eftirfarandi breytingum á tillögunni samþykktar:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagraðs í hrossarækt að skoða verði hvort að hæfileikadómur kynbótahrossa fari fram að hluta til á hringvelli en skeið yrði sýnt á beinni braut til hliðar við hringvöllinn eða í framhaldi af langhlið hringvallar ef þurfa þykir. Það sé enda til þess bært að bæta mat á kynbótahrossum.

– samþykkt samhljóða

Tillaga 2 (nr. 4 frá HSS)

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að gangtegundir kynbótahrossa

hafi sem líkast vægi í hæfileikadómnum.

Umræður:

Páll Bragi Hólmarsson: Fellur undir þá vinnu við endurskoðun dómskalans. Malin: Á móti því að hafa jafnt vægi á gangtegunum, aukið vægi verði alltaf að vera töltil. Bergur Jónsson: Mætti vera jafnara vægi á gangtegunirnar. Svanhildur Hall: Almennur vilji fyrir því hækka vægi á þeim eiginleikum sem hafa lægst vægi í dag. Magnús Lárusson: undirbúningur hrossa hefur fleygt fram og reiðmennskunni einnig, hefur gert kleyft sýningar á feti

Tillagan með breytingu:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagraðs að endurskoða vægi á gangtegunum og það sé í samræmi við ræktunarmarkmiðið sem er jafnvígur alhliða hestur.

– samþykkt samhljóða

Tillaga 3 (nr. 5 og 6 frá HSS)-

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að minnka mikið áhrif vilja og geðslags á hæfileikadóm kynbótahrossa.

Umræður:

Malin: Vill ekki sjá mikla minnkun á vægi þessa eiginleika. Svanhildur Hall: Er verið að dæma hvernig gengur að ríða hestinum fram og til baka á beinni braut. Háar einkunnir fyrir vilja og geðslag hafa virkað fælandi á viðskiptavinum. Páll Bragi: Ástæðan fyrir þessari umræðu er sú að ekki hefur gengið nógu vel að meta þennan eiginleika.

5. tillaga.

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagraðs að leita allra leiða til að bæta mat á vilja og geðslagi við hæfileikadóm kynbótahrossa.

6. tillaga var lögð fyrir á síðasta fundi og var samþykkt þar. Hún er hjá fagraði og er til hliðsjónar við endurskoðun dómskalans enda er samhljómur á milli hennar og markmiðum með þeirri vinnu.

samþykkt með einu mótatkvæði

Tillaga 4 (7) -

7. tillaga

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagraðs að hafa líkamsbeitingu hrossa í forgangi ásamt hreinleika og mýkt umfram hraða og fótaturð í hæfileikadómi kynbótahrossa.

Magnús Lárusson: of mörg dæmi um að hross sem sýna gæði á unga aldri, mýkt og léttleika og tapa þessum gæðum með meiri þjálfun. Kerfið þarf að sporna gegn þessari þróun. Svanhildur Hall: þessi atriði eiga að vera í forgrunni, áður en farið er að verðlauna hraða og

fótaburð. Malin: er samþykkt þessari tillögu en leiði ekki til þess að hrossin þurfi að koma meira taminn til dóms.

Með breytingum:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að við endurskoðun dómskalans hafi líkamsbeiting hrossa forgang ásamt hreinleika og mýkt gangtegundanna umfram hraða og fótaburð í hæfileikadómi kynbótahrossa.

samþykkt samhljóða

Tillaga 5 (8 og 9 á blaði HSS) -

8. Tillaga.

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að láta hægt stökk hafa meira vægi í hæfileikadómum kynbótahrossa en hratt stökk.

Páll Bragi: Er samþykktur þessu að mörgu leiti en getur tæplega gengið óháð aldri. Bergur Jónsson: Óþörf þessi heila ferð á hægu og hröðu stökki, dæma frekar upptakið og hraðabreytinguna og styttri ferð á hröðu. Guðmundur Björgvinsson: Missum upplýsingar við að hætta að dæma hratt stökk. Magnús Lárusson. Hafa mismunandi kröfur um gæði á hægu stökki og tölti eftir aldri.

9. tillaga.

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að láta bæði hægt tölt og hægt stökk hafa sérstakt vægi í hæfileikadómi kynbótahrossa.

Sameinaðar tillögur 8 og 9.

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að auka vægi hægs tölt og hægs stökks í einkunnagjöf fyrir tölt og stökk.

samþykkt samhljóða

Tillaga 6 (10)

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að kjósa 6 manna nefnd til að yfirfara kynbótakerfið í heild sinni með ábyrgðarmanni hrossaræktar (Dr Þorvaldi Kristjánssyni) og gera tillögur um breytingar.

Jónas Vigfússon: tillagan gengur ekki óbreytt. Jónas segist vera á móti þessari tillögu þar sem við erum með fagráð og sér enga ástæðu til að skipa nýja nefnd. Bergur, ef við samþykkjum þetta erum við að styðja við það sem fagráð er að gera

Með breytingum:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að skipuð verði þverfagleg nefnd til að yfirfara kynbótakerfið í heild sinni með ábyrgðarmanni hrossaræktar (Dr Þorvaldi Kristjánssyni) og gera tillögur um breytingar.

– *samþykkt með einu móttatkvæði*

Tillaga 7 (12)

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að til að fá einkunn hærri en 8 fyrir skeið í kynbótadómi þarf hestur að vera tekinn niður af stökki á skeið annars vegar og hins vegar að í lok skeiðsprettis þurfi hestur að vera hægður niður á tölt eða brokk.

Bergur Jónsson: Ekki njörvað við ákveðna einkunn en fyrir hærri einkunnir verði gerð krafa um niðurtöku á stökki. Jónas Vigfússon: Sammála hugsuninni en spurning með hvar þröskuldurinn eigi að liggja. Svanhildur; er flókið að bæta við „eða fet“ (tölt, brokk eða fet). Bergur, ekki þarf að tilgreina fet, þar sem áherslan er lögð á að hægja á hestinum. Magnús Jósefsson finnst þetta vera farið að nálgast íþróttakeppni helst til mikið. Bergur Jónsson menn kenna hesti að leggja á skeið af stökki og hægi hann svo niður og þessu því ekki hægt að líkja við íþróttakeppni. Sveinn Steinarsson, þetta er leiðbeinandi ráð til fagráðs. Páll Bragi, útgangspunkturinn er að þetta sé hestvænna þannig að uppbygging hests og sýning

Breytingartillaga:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að til að fá hærri einkunn en 8 fyrir skeið í kynbótadómi þarf hestur að vera tekinn niður af stökki á skeið annars vegar og hins vegar að í lok skeiðsprettis þurfi hestur að vera hægður niður á tölt, brokk eða fet

- samþykkt samhljóða óbreytt.

Allsherjar og fjárhagsnefnd - Vignir:

Miklar umræður urðu í nefndinni um fjármögnun félagsstarfsins eftir að búnaðargjald fellur niður, ákveðið að beina því til stjórnar að skoða leiðir til tekjuöflunar. Rætt hvort settur yrði skattur á hvert fætt folald, gætu félagar notið e-r afsláttar af þjónustu BÍ, FHB, RML ? er hægt að láta féлага FHB fá vídeóin frá LM á lægra verði ? Tillaga um að hækka félagsgjald í 6.000

Tillaga 1

Aðalfundur FHB haldinn í Hjarðabóli 4. Nóvember 2016 samþykkir að árgjald hækki úr 5000 í 6000.

samþykkt samhljóða

Tillaga 2

Aðalfundur FHB haldinn í Hjarðarbóli 4. Nóvember 2016 Samþykkir að þóknun stjórnar fyrir stjórnarfundum verði áfram óbreytt. Kr. 10.000 fyrir hvern fund auk ferðakostnaðar. Akstursgreiðslur miðast við 50% af aksturstaxta RSK.

samþykkt samhljóða

Tillaga 3

Aðalfundur FHB haldinn í Hjarðarbóli 4. Nóvember 2016 Samþykkir að föst þóknun formanns verði kr. 150.000 á mánuði frá 1. Janúar 2017.

samþykkt samhljóða

Tillaga 4

fjárhagsáætlun

samþykkt samhljóða

Tillaga 7

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til stjórnar að tillögum til aðalfundar FHB. skuli skila inn a.m.k. 20 dögum fyrir aðalfund og þær sendar áfram til aðildarfélaganna 14 dögum fyrir aðalfund.

Greinargerð: Tryggir málefnalegri umfjöllun um tillögurnar og tækifæri gefst til að kynna þær innan aðildarfélaganna

samþykkt samhljóða

Tillaga 8 – nr. 11 frá sunnlendingum

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að skoðaðar verði leiðir með að öll kynbótahross komi fram á aðalvelli við verðlaunaafhendingu.

Greinargerð: Mörgum ræktendum sem áttu kynbótahross á síðasta Landsmóti og voru ekki í verðlaunasæti þótti sinn hlutur vera rýr. Hvatinn til að mæta með hross neðar en 10 sæti sé enginn vegna skorts á almennilegri kynningu.

samþykkt samhljóða

Tillaga 9

Aðalfundur FHB. haldinn í Harðarbóli 4.nóv. 2016 samþykkir að félagið beiti sér fyrir því að opnaður verði flipi í Worldfeng þar sem hægt er að koma á framfæri niðurstöðum úr sæðisrannsókn hjá stóðhestum. Rannsóknin skal vera framkvæmd af viðurkenndum aðila.

Greinargerð: Í ræktunarmarkmiði segir m.a. að rækta skuli frjósaman hest. Það er mikilvægt í hrossarækt, sem og annarri búfjárrækt að stuðla að aukinni frjósemi, að fyrir liggi upplýsingar um sæðisgæði hesta þar sem rannsókn hefur farið fram og liggur beint við gefa ræktendum kost á að nýta sér þær með aðgengilegum hætti.

Sonja: Þörf umræða, en rannsóknir vantar. Breytt tillaga að beina til fagráðs að skoða þetta. Magnús Lár, er ekki verið að skoða þarna hversu lifandi sæðið er og hvert sæðismagnið er. Er ekki hægt að fá gögn frá sæðingarstöðinni sem var í Gunnarsholti, og byrja þar, og fá gögn frá þeim sem hafa þessi gögn undir höndum. Sonja, þessi umræða er nauðsynleg og þörf. Sveinn Steinarsson, þurfum að fá fyljunarhlutfall stóðhesta og þessi tillaga er þörf ábending í þá átt til fagráðs. Magnús Lár, sæðingarstöð er á Sandhólaferju og fyrir norðan og spurning hvort þar séu ekki gögn til staðar. Svanhildur sæðingarstöðvarnar hljóta að vera með e-r staðla sem hægt er að vinna með. Bergur J, þörf umræða og viðmiðin hljóta að vera til staðar. Tæknin er mismunandi eftir sæðingastöðvum og í sandhólaferju er mjög fullkomin aðstaða og ennfremur eru sæðingastöðvar erlendis. Þessi flipi hlýtur að vera hvatning fyrir stóðahestaeigenda í upplýsingagjöf, en ekki skylda. Magnús Lár, er ekki málið að finna lausn á þessu máli, og beina því til fagráðs að finna leiðir til rannsókna.

Breytingatillaga:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4.nóv 2016 samþykkir að beina því til Fagráðs í hrossarækt að finna leiðir til að rannsaka og bæta aðgengi að upplýsingum um frjósemi.

- samþykkt samhljóða.

Kosningar :

Uppstillinganefnd kom með eftirfarandi tillögu að varastjórn : Erlendur Árnason, Einar Ben Þorsteinsson og Svanborg Einarsdóttir og voru þau kjörin.

Kosning formans : Sitjandi formaður Sveinn Steinarsson gaf kost á sér áfram og var hann kjörinn.

Sveinn Steinarsson

Önnur mál:

Svanhildur Hall – hvað eru margir félagar í FHB. Vignir svarar: rétt um 1.000

Ólafur þakkar fyrir sig og gefur Sveini Steinarssyni orðið.

Sveinn, þakkar starfsmönnum fundarins þeirra framlag, og fundinum fyrir endurkjörið og traustið og sleit síðan síðan fundinum.

Eftir fundinn greindi Jóna Dís formaður Hestamannafélagsins Harðar frá starfi félagsins sem var bæði skemmtilegt og fróðlegt og sérstaka athygli vakti sjálfboðastarf Harðarmanna þar sem fötluðum er boði á reiðnámskeið og er eftirspurn mikil. Þetta framtak sýnir hvernig hesturinn getur þjóna okkur og veitt okkur gleði og er framtak Harðarmanna hestasamfélaginu til mikils sóma og eiga hlutaðeigandi heiður skilið.